


# NEYÐAR- NEYÐARBÚNAÐUR II

## BÚNAÐUR Í FISKISKIPUM

- BJÖRGUNARBÚNINGAR
- BJÖRGUNARNET
- BJÖRGUNARHRINGIR
- BJÖRGUNARVESTI



### REGLUR

Um fyrirkomulag björgunarbúnaðar í fiskiskipum gilda eftirfarandi reglur:

- Reglugerð nr. 122/2004 um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd.
- Reglur nr. 189/1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa (fiskiskip 6 - 15 metrar).

Eingöngu má nota viðurkenndan björgunarbúnað í íslenskum skipum.

Áður en skip lætur úr höfn og ávallt meðan á ferð þess stendur skal allur björgunarbúnaðurinn vera í nothæfu ástandi og tilbúinn til tafarlausrar notkunar.


### BJÖRGUNARBÚNINGAR

Í fiskiskipum 12 metrar að lengd og lengri skulu vera björgunarbúningar fyrir sérhvern mann um borð í skipinu. Auk þeirra eiga að vera til björgunarbúningar fyrir alla í áhöfn léttbáts skipsins.

Vinnufatnaður af viðurkenndri gerð, einangrandi og búinn floti, á að vera tiltækur fyrir alla skipverja um borð í fiskiskipum sem eru undir 12 metrum að lengd.

Björgunarbúninga á að geyma ofan efsta heila þilfars skipsins þegar því verður við komið og þannig að búningarnir séu ávallt tiltækir. Björgunarbúningar ættu að vera staðsettir á eða við söfnunarstað í skipinu.

### Björgunarbúningur




### Sund og samsöfnun

Haldið hópinn og tengið ykkur saman með félagalínu.



### Björgunarbúningur lofttæmdur

Lokið rennilásnum og togið í hann þannig að loftið geti streymt úr búningnum um andlitsopið meðan þið beygið ykkur niður við lofttæminguna.



### BJÖRGUNARVESTI

Í öllum fiskiskipum eiga að vera björgunarvesti af samþykktri gerð fyrir sérhvern um borð í skipinu. Í skipum styttri en 12 metrar að lengd má meta björgunar búninga jafngilda björgunarvestum.

Björgunarvesti eiga að vera staðsett þannig að þau séu ávallt tiltæk og skal geymslustaður þeirra merktur greinilega.

Björgunarvesti á að tryggja að maður klæddur því, sem lendir í sjó, hvort sem hann er með meðvitund eða ekki, snúi þannig að vit vísi upp og séu vel upp úr sjónum.


### Stokkið í sjó



Teikningar: J.Liistö

## FRH. NEYÐARBÚNAÐUR Í FISKISKIPUM

## Björgunarvesti



## Uppblásanlegt björgunarvesti

Uppblásanlegt björgunarvesti á að blásast upp sjálfkrafa fari það á kaf í sjó. Einnig á vestið að vera þannig útbúið að hægt sé að blása það upp með einni handahreyfingu og með munnblæstri.

Lærið að klæðast björgunarbúningum og björgunarvestum sem eru í ykkar skipi!

## BJÖRGUNARHRINGIR

Í fiskiskipum á lágmarksfjöldi björgunarhringa að vera samkvæmt töflunni.

LENGD (meter)	HEILDAR-FJÖLDI	MEÐ LJÓSI	MEÐ LJÓSI OG REYKMERKI	MEÐ FLOTLÍNU
75	8 a)	2	2 c)	2 b)
45 - 75	6 a)	1	2 c)	2 b)
24 - 45	4 a)	1	1	2 b)
17 - 24	3		1	1 b)
15 - 17	2		1	1 b)
6 - 15	1 d)			

HVAÐ ÞÝÐA BÓKSTAFIRNIR a, b og c? ÞARF EKKI AÐ ÚTSKÝRA ÞAÐ?

- Sé skutrenna á skipinu skulu vera tveir björgunarhringir til viðbótar með ljósum hvor sínum megin við skutrennuna: Heimilt er að hafa reykmerki til viðbótar ljósunum.
- Heimilt er að nota viðurkennda flotlykkju í stað eins björgunarhrings með flotlínu.
- Þess er krafist að hægt sé að losa þessa björgunarhringi á fljótlegan hátt frá stjórnþalli.
- Á bátum allt að 8 metrar að lengd má hafa flothæfan kasthring eða flotlykkju í stað björgunarhrings.

# FRH. NEYÐARBÚNAÐUR Í FISKISKIPUM

# 4

## LEIÐBEININGAR UM NOTKUN NEYÐARBÚNAÐAR



Björgunarhringir eiga að vera staðsettir þannig að auðvelt sé að ná til þeirra og að hægt sé að varpa þeim tafarlaust fyrir borð. Óheimilt er að festa björgunarhringi varanlega á geymslustöðum þeirra.


Björgunarhringir eiga að vera merktir með skipaskrárnúmeri skipsins. Þekkið staðsetningu og notkun björgunarhringa skipsins!



**Þekkið staðsetningu og notkun björgunarhringa skipsins!**

## BÚNAÐUR TIL AÐ NÁ MANNI ÚR SJÓ

Í fiskiskipum 15 metrar að lengd og lengri á að vera a.m.k. einn búnaður til að ná manni úr sjó. Búnaðurinn skal vera staðsettur þannig að hann sé aðgengilegur og fljótlegt sé að gera hann tilbúinn til notkunar.



**Æfið reglulega björgun manna úr sjó á ykkar skipi!**

## ÁBYRGÐ ÁHAFNAR

Tryggja þarf að frágangur björgunarbúnaðar sé réttur, aðgengi að björgunarbúnaði sé ávallt gott og að engar hindranir séu í vegi fyrir notkun búnaðarins. Áhöfninni er skylt að kunna á björgunarbúnað skipsins.

Gangið ávallt rétt frá björgunarbúnaði skipsins og æfið notkun hans reglulega!

**Kynnið ykkur fræðslufni um öryggismál á vefnum [www.samgöngustofa.is](http://www.samgöngustofa.is)**

Teikningar: JListó